

Minnisblað

Til:
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 15. apríl 2021
Mnr. 2021040043



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Breyting á starfi forstöðumanns skíðasvæðisins

Anton Helgi Guðjónsson óskar eftir fyrir hönd Golfklúbbs Ísafjarðarbæjar að samnýta starfsmanninn sem sinnir forstöðumennsku á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar og vallastjórn á golfvöllinum í Tungudal. Þannig hefði forstöðumaður skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar yfirumsjón með golfvöllinum í Tungudal.

Golfklúbbur Ísafjarðar er með verkefnasamning við HSV og kveður hann á um að golfklúbburinn hafi umsjón með golfvöllinum í Tungudal, sjái um nauðsynlegt viðhald á völlum s.s. slátt, vökvun og áburðagjöf. Jafnframt að hann sjái um slátt og aðra umhirðu á púttvöllinum á Torfnesi. Í staðinn fær golfklúbbur Ísafjarðar rekstrarstyrk, eitt stöðugildi í 5 mánuði, greiddan frá Ísafjarðarbæ. Einnig fá þeir unglínga frá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar til aðstoðar við umhirðu vallanna þær vikur sem hann starfar. Greiðslur Ísafjarðarbæjar vegna þessa verkefnasamnings voru árið 2020 kr. 2.139.933. Ef forstöðumaður skíðasvæðisins fengi yfirumsjón með golfvöllinum myndi verkefnasamningurinn falla úr gildi.

Miðað er við að 5 mánuði á ári, maí til september, yrði 40% af starfi forstöðumanns skíðasvæðisins að annast golfvöllinn. Sá kostnaður er samtals kr.1.793.564 og er þegar hluti af launum forstöðumannsins.

Er það mat núverandi forstöðumanns skíðasvæðisins að skynsamlegt sé að fara þessa leið sem forsvarsmaður golfklúbbsins leggur til. Er staðan þannig á sumarverkefnum á skíðasvæðinu að hægt er að bæta við verkefni sem þessu án þess að þurfa bæta við stöðugildi og þannig fá betri nýtingu á starfsmönnum.

Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til þess hvort fela eigi forstöðumanni skíðasvæðisins að hafa yfirumsjón með golfvöllinum í Tungudal og um leið fella úr gildi verkefnasamning Golfklúbbs Ísafjarðar við HSV.

Jafnframt er lagt til við bæjarráð á málinu verði vísað inn í íþrótt- og tómstundanefnd til umsagnar.